

gaf hana, og glöð í kærleika til mannanna allra, sem guð hefur elskað með því að gefa þeim öllum sömu gjöfina.

Eins og við samtengjumst guði fyrir þessa gjöf, eins samtengjumst við hverjir öðrum fyrir hina sömu gjöf.

Og að samtengjast riður okkur á — lifandi, í kærleika að samtengjast, en ekki að eins í orði, þó orðin kunni að vera fall-eg. Við erum svo sorglega aðskilin, við mannanna börn. Böndin brostin, sem tengja áttu saman. Við finnum svo sárt til þess. En ekki megnum við að græða aftur það, sem brostið hefur. Við eigum ekkert til í eigu okkar, sem tengt geti okkur saman aftur. Skáldlegar hugmyndir gera það ekki. Fagrar hugsjónir ekki heldur. Að eins eitt sameinar okkur, mannanna börn — að við sameinumst guði, að böndin, sem brostið hafa í sambandinu því, tengist saman aftur, að lífs-sambandið, sem brast á milli hans og okkar — og hver maður með vakandi samvisku veit að hefur brostið — komist á lifandi hátt í samt lag aftur. En það kemst ekki á fyrir það, sem við gerum, heldur fyrir það, sem guð gerir og við þiggjum — fyrir Jesúm Krist, jóla-gjöf guðs til okkar, sem við þiggjum okkur til eilífs lífs.

Guði sé lof fyrir dýrðlegu jóla-gjöfina hans!

JÓLA-VÍSA.

Enn þá upprann sólin.
 Enn þá koma jólin.
 Enn þá til vor ylinn ber —
 enn þá dvelur hún hjá mér,
 blessuð barna-sólin,
 björtu hjartans jólin.

JÓLA-GJÖFIN HENNAR DÍSU.

Dísa litla kom heim frá kirkju einn kaldan sunnudag í Desember-mánuði. Um leið og hún kom inn úr dyrunum sagði hún við mömmu sína: „Mamma! ræða prestsins í dag var öll um það, hvernig við ættum að gefa á jólunum. Eg skildi ekkert í því, sem hann sagði. Hann var að segja okkur börnunum, að við ættum ekki að gefa núna í ár bara vegna þess að það væri siður að gefa. Við ættum að komast eftir því, hvað barnið Jesús vildi að við gerðum. Hann sagði, að